

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 41/98  
frá 29. maí 1998**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/98 frá 30. apríl 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/31/EB frá 11. júní 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/760/EBE varðandi númerljós á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 25. lið (tilskipun ráðsins 76/760/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0031:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/31/EB frá 11. júní 1997 (Stjtíð. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 49).”

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. EB nr. L 310, 19. 11. 1998, bls. 13 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 48, 19. 11. 1998, bls. 211.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB nr. L 171, 30. 6. 1997, bls. 49.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 97/31/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. júní 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. maí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbaso

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík                    E. Gerner